

15. sbr. 33. gr. áfengislaganna nr. 33 1935, og þykir refsing hans með tilliti til þess, að hann hefir einu sinni áður gerzt sekur um áfengissölu, hæfilega ákveðin 5 daga varðhald og 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 35.00.

Rekstur málsins hefir verið vítalaus.

Þvi dæmist rétt vera:

Kærði, Ásgeir Ingimar Ásgeirsson, sæti 5 daga varðhaldi og greiði 400 króna sekt til menningarsjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa. Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs talsmanns síns, hrm. Lárusar Jóhannessonar, kr. 35.00.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 4. nóvember 1940.

Nr. 42/1940. **Egill Jónasson** (Theódór B. Lindal)

gegn

**Albert Bjarnasyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Ómerking vegna galla á sáttameðferð.

**Dómur hæstaréttar.**

Þann 25. marz 1939 lét stefndi hér fyrir dómi, Albert Bjarnason, kveðja Einar Jónasson, þann er í héraðsdómi getur, á sáttafund „til þess að fá hann fyrir hönd eiganda nefndrar bifreiðar (þ. e. G. K. 113) og hlutaðeigandi váttryggingarfélag“ til að

greiða kr. 2399.00. Sáttatilaun varð árangurslaus. Einar Jónasson skorti umboð til sáttagerðar fyrir eiganda og vátryggjanda bifreiðarinnar, og var sáttatilaun þessi því ólögmat. Málið þannig undirbúið var síðan lagt til dóms í Keflavík þann 3. maí s. á. Tók áfrýjandi, Egill Jónasson, eigandi téðrar bifreiðar, þá við vörn þess, og samdist þá svo með aðiljum, að málið skyldi flytja í Hafnarfirði. Með framhaldsstefnu 25. ágúst 1939 var áfrýjanda síðan stefnt til aukaréttar Gullbringu- og Kjósarsýslu, er halda skyldi í Hafnarfirði, og var dómkrafan þá kr. 5212.60. Sáttatilaun var ekki leitað um þessa kröfu, hvorki fyrir sáttanefnd né dómi. Vegna þessara galla á málalíbúnaði verður að ómerkja ex officio alla málsmeðferð í héraði og héraðsdóminn og vísa máli frá héraðsdómi.

Hvorugur aðilja hefir krafizt málskostnaðar fyrir hæstarétti, og fellur hann því niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði og dómur skal ómerkur vera, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

**Dómur aukabings Gullbringu- og Kjósarsýslu 4. maí 1940.**

Ár 1940, laugardaginn 4. maí, var í aukabingi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Hafnarfirði af sýslumanni Bergi Jónssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2/1939, en mál þetta var dómtekið 5. marz s. l.

Mál þetta er höfðað fyrir aukabinginu, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, með stefnu útgefni 18. apríl 1939 og framhaldsstefnu útgefni 25. ágúst 1939 af Albert Bjarnasyni, skipstjóra í Keflavík, gegn Agli

Jónassyni, skipstjóra í Ytri-Njarðvík, til greiðslu skaðabóta að upphæð kr. 5212.60, ásamt 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Ennfremur hefir stefnandi í réttarhaldi 5. marz s. l. gert kröfu til, að sér verði dæmdar kr. 139.00, og hefir gagnaðili samþykkt, að ekki verði framhaldsstefnt út af þeirri upphæð, ef hún á annað borð yrði tekin til greina. Kröfur stefnanda verða því samtals kr. 5351.60, auk vaxta og málskostnaðar.

Ennfremur hefir Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f., Bifreiðadeild, verið stefnt til þess að gæta réttar síns, en engar kröfur gerðar á hendur því í málinu.

Mál þetta var upphaflega höfðað gegn Einari Jónassyni Borg, Ytri-Njarðvík, en Agli Jónassyni var síðar stefnt til þess að gæta réttar síns, og hefir hann síðan tekið upp vörn málsins.

Málavextir eru þeir, að 13. nóvember 1938 heimsótti Einar Jónasson frá Borg í Ytri-Njarðvík stefnanda á heimili hans, Íshússtig 5 í Keflavík. Var Einar með bifreiðina G. K. 113, sem hann hafði fengið lánaða hjá eiganda hennar, stefndum í máli þessu. Dvaldi Einar hjá stefnanda nokkra hríð, og þegar hann fór þaðan, fylgdi hann honum út að bifreiðinni, sem stóð utan við húsið. Ætlaði Einar síðan að setja bifreiðina í gang með ræsi (startara) hennar, en það tókst ekki. Bað hann þá stefnanda að snúa bifreiðinni í gang með sveif, og gerði hann tilraun til þess, en tókst þó ekki að koma hreyfli bifreiðarinnar í gang með þeim hætti. Bað Einar þá stefnanda að ýta bifreiðinni af stað niður í brekku, sem var skammt frá, þar sem bifreiðin stóð, til þess að hann gæti komið hreyflinum af stað með því móti að „kúpla“ að, er bifreiðin væri komin á ferð. Fór stefnandi þá aftur fyrir bifreiðina og ýtti þannig á hana, að hann studdi höndunum á pall bifreiðarinnar og spyrnti með báðum fótum í götuna, svo að hann stóð á tánum. Á þennan hátt ýtti hann bifreiðinni áfram, þar til að hann hafði teyg svo úr sér sem hann gat, með því að standa í sömu sporum. Þegar stefnandi var kominn í þessar stellingar, kiptist bifreiðin aftur á bak, á hann ofan, það langt, að hann stóð uppréttur við pallinn á bifreiðinni, og nam brjóst hans við pallinn. Fann stefnandi þá til sársauka í

vinstra fæti, og kom síðar í ljós við læknisskoðun, að hásinin hafði slitnað. Stefnandi hélt nú áfram að ýta bifreiðinni af stað, og gekk það viðstöðulaust, og fór hreyfill bifreiðarinnar í gang, er hún rann niður brekku, sem stefnandi ýtti henni fram í. Missti nú stefnandi mátt í fætinum, og ók Einar Jónasson honum þegar til læknis, sem heima átti skammt frá. Tveim eða þrem dögum síðar leitaði stefnandi síðan til læknis í Reykjavík, og var framkvæmd á honum skurðaðgerð 8 dögum eftir að slysið vildi til, og var sinin saumuð saman. Kom síðan drep í sárbarmana, og gekk sárinu illa að gróa. Nokkru eftir aðgerðina var þó stefnanda leyft að fara heim til sín, vegna þess að hann var mjög leiður á að liggja á sjúkrahúsi, með því skilyrði, að hann kæmi til læknis síns í Reykjavík annan hvern dag til skiptinga. Gerði hann það um lengri tíma, en þegar sýnt var, að sárið mundi ekki gróa, var stefnandi látinn liggja heima hjá sér, og læknir á staðnum annaðist skiptingu á sárinu. Gekk nú sárinu betur að gróa, en það tók sig þó aftur upp. Stefnandi var síðan á sjúkrahúsi tímabilið  $2\frac{3}{11}$ — $\frac{5}{12}$  1939 til aðgerðar á sárinu. Var þá enn gert að því, og greri það til fullnustu nokkru síðar, og taldi læknir fótinn heilan 1. marz 1940, er hann gaf vottorð um heilbrigðisástand stefnanda.

Stefndur hefir aðallega krafizt algerðrar sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara, að þær verði stórlega lækkaðar. Auk þess krefst hann þess, að sér verði dæmdur málskostnaður.

Sýknukröfu sína byggir stefndur á því, að hér sé ekki um slys að ræða, sem ákvæði 15. greinar bifreiðalaganna eigi við. Skilyrði fyrir því telur stefndur vera, að hreyfill bifreiðarinnar sé í gangi, þegar slys ber að höndum, en hér hafi því ekki verið til að dreifa. Hefir hann haldið því fram, að í málinu liggi ekki fyrir sönnur á því, að hreyfillinn hafi komizt í gang, heldur muni bifreiðin hafa runnið aftur á bak vegna ójöfnu á veginum, enda ósannað, að bifreiðarstjórinn ætti nokkra sök á því, að slysið varð. Þá hefir stefndur haldið því fram, að slysið hafi orðið fyrir mjög ógætilega framkomu stefnanda, og beri því að sýkna stefndan af þeirri ástæðu. Ennfremur hefir stefndur haldið því fram, að sýkna

beri hann, vegna þess að stefnandi hélt áfram að ýta bílnum, eftir að hann hafði meitt sig, og meiðslið hafi stórversnað við það.

Loks hefir stefndur krafizt þess til vara, að tjónið verði aðeins bætt að litlu leyti eftir mati réttarins á sök stefnanda.

Það virðist nægilega upplýst í málinu, þar á meðal með framburði bifreiðarstjórans sjálfs, að bifreiðin hafi staðið á jafnsléttu, þegar stefnandi eftir ósk bifreiðarstjórans byrjaði að ýta henni af stað. Virðist samkvæmt því varla öðru til að dreifa sem ástæðu fyrir því, að bifreiðin kipptist eins snögg aftur á bak og fram hefir komið í prófunum, en að bifreiðarstjórinn hafi „kúplað“ í aftur á bak „gear“ í stað þess að „kúpla“ áfram. Samkvæmt því hefir slysið leitt af meðferð og notkun bifreiðarstjórans á bifreiðinni. Hinsvegar verður eigi séð, að stefnandi hafi gert sig sekan í vitaverðri óvarkární, þótt hann leitaðist við að ýta bifreiðinni áfram eftir ósk bifreiðarstjórans sjálfs.

Verður samkvæmt framansögðu að telja stefndan bera ábyrgð á slysinu gagnvart stefnanda, og getur aðalkrafa hans um sýknu og málskostnað því ekki orðið tekin til greina, og heldur ekki krafa hans um skiptingu bóta.

Kemur varakrafa stefnds um lækkuun hinna umstefndu bóta þá næst til álita.

Stefnandi hefir sundurliðað tjónið þannig:

1. Legukostnaður á sjúkrah. Hvítabandsins	kr.	382.00
2. Læknishjálp Sveins Gunnarssonar . . . .	—	500.00
3. Læknishjálp Georgs Georgssonar . . . . .	—	133.60
4. Herbergisleiga í Reykjavík . . . . .	—	114.00
5. Ferðakostnaður vegna skiptinga . . . . .	—	125.00
6. a. Formannshluttur $1\frac{3}{11}$ '38— $3\frac{1}{12}$ '38	—	700.00
b. — á vertíð 1939 . . . . .	—	2560.00
c. — á sildveiðum $2\frac{3}{4}$ — $2\frac{1}{2}$ '39 . . . . .	—	700.00
7. Legukostnaður á St. Jósephsspítala . .	—	139.00

Samtals kr. 5351.60

Um 1. Stefndur hefir mótmælt því, að legudagagjald verði reiknað herra en á kr. 6.00. Það er upplýst, að stefnandi lá eftir skurðaðgerð þá, sem fram fór á honum, á einbýlisstofu á sjúkrahúsinu. Stefndur hefir haldið

Því fram, að stefnandi hefði getað beðið aðgerðarinnar þar til ódýrara herbergi losnaði. Skurðaðgerðin fór ekki fram fyrri en 8 dögum eftir að stefnandi varð fyrir meiðslunum, af ástæðum, sem honum virðist ekki verða kennt um, og því ekki skynsamlegt, að hún drægist lengur. Mótmæli stefnds virðast því ekki nægilega rökstudd, og verður því tekin til greina að fullu krafan undir þessum lið.

Um 2. Stefndur hefir mótmælt þessum lið sem allt of háum. Upphæðin hefir verið sundurliðuð þannig, að fyrir uppskurð og stundun í því sambandi hafi læknirinn sett upp kr. 200.00, en kr. 300.00 síðan fyrir skiptingar og 2 ferðir til Keflavíkur vegna vanlíðunar og kvala stefnanda. Kveðst læknirinn hafa reiknað sér kr. 100.00 á mánuði þrjá fyrstu mánuðina eftir aðgerðina, og mundi upphæðin nema miklu meira, ef hann hefði ákveðið þóknun sína samkvæmt gjaldaskrá Læknafélagsins. Í málinu er þó ekkert upplýst um það, hve há lækniþóknun sé samkvæmt gjaldskránni fyrir skiptingu umbúða. Það er upplýst, að stefnandi fór 25 sinnum til skiptinga til læknisins til Reykjavíkur. Fyrir samskonar aðgerðir hefir Georg Georgsson, læknir í Keflavík, tekið kr. 2.50 fyrir hverja skiptingu og virðist, að sú þóknun eigi ekki að vera hærri að því er Svein Gunnarsson snertir. Fyrir tvær ferðir læknisins þykir hæfilegt að ákveða honum kr. 50.00 í þóknun. Undir þessum lið verða því stefnanda tildæmdar kr. 387.50.

Um 3. lið. Um upphæð þessa liðar er ekki deilt, eins og hann lítur nú út. En stefndur hefir mótmælt honum með þeim rökum, að ekki hefði komið til mála, að stefnandi hefði tvo lækna til þess að annast skiptingar eftir uppskurðinn, en sérstaklega beri ekki að taka hann til greina vegna þess, að þær ástæður lægi til þess, að þessarar læknishjálpar þurfti, sem stefnanda væri sjálfum að kenna. Að því hefir stefndur ekki fært nein rök. Læknishjálp þessi er veitt eftir að stefnandi hætti að fara inn til Reykjavíkur til skiptinga, og voru því beint framhald á nauðsynlegum lækniáðgerðum. Ber því að taka upphæðina algerlega til greina.

Um 4. Stefndur hefir mótmælt þessum lið með þeirri röksemdafærslu, að ferðirnar til Reykjavíkur hafi verið

óþarfar, og ennfremur að liðurinn væri allt of hár, þar sem um væri að ræða dýrasta gistihús Reykjavíkur. Það verður ekki fallizt á þau mótmæli stefnds, að stefnandi hefði getað látið undir höfuð leggjast að fara þessar ferðir, en hinsvegar verður að fallast á það, að lækka beri upphæðina, og þykir þessi liður hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

Um 5. Um upphæð þessa liðs hafa ekki verið höfð uppi nein mótmæli. Upphæðin verður því tekin til greina að öllu leyti.

Um 6. A. Að því er þennan lið snertir hefir stefndur ekki mótmælt því, að stefnandi hafi verið frá verkum vegna meiðslanna það tímabil, sem hér um ræðir. Á hinn bóginn hefir hann haldið því fram, að hann hafi þó haft á hendi yfirumsjón með útgerð sinni, og yrði því ekki talið, að hann hefði verið fullkomlega frá verki. Það er upplýst, að stefnandi lá á sjúkrahúsinu frá 21. nóvember til 18. desember 1938 og mætti síðan 2. og 3. hvern dag til skiptinga á sjúkrahúsinu fram til áramóta. Samkvæmt þessu ber að taka upphæð þessa að öllu leyti til greina.

B. Stefndur hefir mótmælt þessum lið með þeim röksemdum, að þótt stefnandi hafi ekki getað stundað sjóróðra yfir vertiðina, þá sé ekki annað sjáanlegt, en að hann hafi á þessu tímabili getað unnið algenga landvinnu við bát sinn og auk þess haft með höndum yfirumsjón með útgerðinni. Frá upphæðinni beri því að draga kr. 1280.00 landmannskaup yfir vertiðina og auk þess hæfilega upphæð fyrir yfirumsjón með útgerðinni. Í málinu er upplýst, að stefnandi fór 14 sinnum til Reykjavíkur til skiptinga á tímabilinu frá 2. janúar til 9. febrúar 1939, en síðan var hann undir læknishendi í Keflavík, og fóru skiptingar fram 40 sinnum frá þessum tíma og til 17. apríl Það er og upplýst, að vertið endaði 22. apríl. Virðist ljóst af þessu, að stefnandi hafi aðeins getað haft umsjón með útgerð sinni að nokkru leyti, einkum síðari hluta vertiðar. Samkvæmt þessu virðist liður þessi hæfilega ákveðinn kr. 2000.00.

C. Að því er lið þennan snertir hefir stefndur haldið fram hinum sömu lækunarástæðum og undir næsta lið á undan, en hefir þó krafizt þess, að upphæð þessi yrði

lækkuð í ríkara mæli. Með því að fallast má á röksemdir stefnds, verður að telja lið þennan hæfilega ákveðinn kr. 300.00.

Um 7. Um upphæð þessa liðar hafa ekki komið fram nein mótmæli, og ber því að taka hann til greina að öllu leyti.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa þau, að stefndur verður dæmdur til þess að greiða stefnanda samtals kr. 4297.10 með 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi kr. 547.37.

Dráttur sá, sem orðið hefir á uppkvaðningu dóms þessa, stafar af margháttuðum embættisönnnum dómarans.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndur, Egill Jónasson, skipstjóri Ytri-Njarðvik, greiði stefnandanum, Albert Bjarnasyni skipstjóra, Íshússtig 5 Keflavík, kr. 4297.10 með 5% ársvöxtum frá 25. ágúst 1939 til greiðsludags og kr. 547.37 í málskostnað, innan 15 daga frá birtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1940.

Nr. 93/1939. Þórarinn Snorrason

(Guðmundur I. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi Jónssyni og gagnsök

(Lárus Jóhannesson).

Landamerki. — Ómerking.

**Dómur hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 8. sept. 1939. Krefst hann aðallega staðfestingar héraðsdómsins, enda verði sú skýring á honum gefin, að með orðunum: „Í hinn